

Tillögur Sjávarútvegsnefndar til 30. aðalfundar LS

Strandveiðar

Fundurinn vill að veiðidagar strandveiða verði 4 í viku (mánudagur – fimmtudagur) og fái veiðimenn að velja um fjóra mánuði af sex mánaða tímabili apríl til september. Við þetta mundi heildarafli aukast lítillega en ávinningur yrði mikill er varðar jafnari dreifingu aflans innan tímabilsins.

Línuviltun

Fundurinn skorar á ráðherra að endurskoða ákvörðun sína um skerðingu á línuviltun. Fundurinn furðar sig á þeirri skammsýni sem birtist í þessari ákvörðun. Nær væri að stórauka línuviltun og láta hana ná til allra dagróðrabáta. Línuveiddur fiskur = besta hráefnið.

Makrill

Fundurinn ályktar að LS beiti sér af fullum þunga fyrir því að makrílveiðar á handfæra- og línubátum verði aldrei kvótasettar. Veiðar hefjist ekki fyrr en 1. júlí og verði til 31. desember ár hvert. Barist verði fyrir því að smábátar fái að veiða 15% af heildarúthlutun aflamarks í makríl.

Lúða

Fundurinn krefst þess að heimilt verði að fénýta lúðu sem veiðist á handfæri og línu sem meðafli.

Kvótinn

Aðalfundur LS skorar á ráðherra sjávarútvegsmála að endurskoða ákvarðanir sínar um heildarafla í einstökum tegundum. Hvetur fundurinn ráðherra til þess að taka meira mið af tillögum frá LS. Þær eru vel ígrundaðar og rökstuddar með gögnum frá Hafrannsóknastofnun.

Porskkvóti

Fundurinn krefst þess að þorskvótinn verði aukinn í 250 þúsund tonn á yfirstandandi fiskveiðiári.

Ýsukvóti

Fundurinn hvetur forustu LS til að vinna af alefli að því að ýsukvóti verði aukinn verulega þegar á þessu fiskveiðiári, enda teljum við ekki ástæðu til niðurskurðar í ýsuveiðum og mun niðurskurðurinn einungis valda vandræðum við veiðar á öðrum tegundum þar sem mikið er af ýsu á miðum víðast hvar við landið.

Steinbítiskvóti.

Fundurinn vill að aukið verði við aflamark í steinbít strax í 10 þúsund tonn vegna aukinnar útbreiðslu steinbíts.